



Skipulagsnefnd - 12.01.2015

07. fundur

12. janúar 2015, kl 13:00-14:30

Fundarstaður: Hótel Reykjahlíð.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, form.

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnssonar

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Hraunvegur 10. Umsókn um bráðbirgðastækkun.*
2. *Geiteyjarströnd. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.*
3. *Hótel Gígur. Deiliskipulag hótellóðar.*
4. *Vogar ferðapjónusta. Umsókn um lagfæringar á gistiskálum.*
5. *Fundardagar skipulagsnefndar jan-júní 2015*

1. Hraunvegur 10. Umsókn um bráðabirgðastækkun.

S20150101

Erindi dags 5. janúar 2015 frá Haraldi Valbergssyni, byggingarfræðingi, f.h. Urtusteins ehf þar sem sótt er um heimild til að stækka til bráðabirgða lager verslunar Samkaupa við Hraunveg 10 í Reykjahlíð. Gert er ráð fyrir að reisa tengibyggingu/skýli úr einingum, sem auðvelt yrði að fjarlægja, ofan á steinsteypa plötu ca 4,0x9,0 m sem er til staðar milli núverandi gáma og verslunarinnar og jafnframt verði gámarnir réttir af og klæddir utan með hvítu bárustáli til samræmis við útlit núverandi verslunarhúss.

Skipulagsnefnd fellst á að endurnýja stöðuleyfi fyrir tvo til þrjá gáma til eins árs, en fellst ekki á bráðbirgðaleyfi fyrir tengibygginguna. Nefndin leggur áherslu á að hér er einungis um

tímabundið leyfi að ræða. Þá verði innan fyrrgreindra tímamarka mörkuð stefna í samráði við skipulagsnefnd um fyrirkomulag verslunar.

2. Geiteyjarströnd. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.

S20130202

Tekið fyrir að nýju, en málið var síðast á dagskrá nefndarinnar 10. nóvember s.l. Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir grein fyrir athugasemdum sem fram hafa komið við tillögurnar við yfirferð Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar Íslands.

Lagt fram nýtt breytingarblað dags 6. janúar 2015 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum þar sem búið er að breyta aðalskipulagsmörkum vegna athugasemda frá Skipulagsstofnun. Aðalskipulagsmörkum er breytt á norð-vestur hluta svæðisins og ná þau eftir breytingu yfir aðkomustíga sem lenda innan verndarsvæðisins skv. tillögu að deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma fyrrgreindum athugasemdum á framfæri við deiliskipulagsráðgjafa og þegar brugðist hefur verið við þeim á fullnægjandi hátt verði tillagan auglýst eins og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

3. Hótel Gígur. Deiliskipulag hótellóðar.

S20141201

Tekið fyrir að nýju erindi dags 25. nóvember 2014 frá Fanneyju Hauksdóttur arkitekt f.h. Hvanna ehf, kt, 640412-0540, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík þar sem hún óskar eftir með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr 123/2010 samþykkis skipulagsnefndar til að gera deiliskipulagslýsingu og síðar deiliskipulagstillögu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Hótel Gíg.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins á síðasta fundi sínum 8. desember s.l. þar sem ekki virtist liggja fyrir skýr samningur um lóðarréttindi.

Innkomin ný gögn 30. desember, *Lögfræðiálit varðandi lóðarmörk f.v. Skútustaðaskóla*, frá Berglind Svavarsdóttur hrl.

Niðurstöður lögfræðiálitsins eru eftirfarandi:

„Með vísan til alls framangreinds er það álit undirritaðrar að ekki sé unnt að líta svo á að samningur eigenda Skútustaða og Skútustaðahrepps hafi byggst á því skilyrði að lóðin og bygging hennar yrðu einungis nýttar til skólahalds. Gildir þetta hvort sem samningurinn teldist fela í sér afsal á landi eða grunnleigurétt. Því verður að telja að því gefnu að fyrirhuguð viðbygging sé innan lóðarmarka tilheyrandi lóðarréttinda núverandi eiganda hótelsins þá sé heimilt að byggja hótelið innan þeirra lóðarmarka að uppfylltum skilyrðum byggingar- og skipulagslaga.“

Skipulagsnefnd telur að Skútustaðahreppur hafi yfir landréttindum að ráða og geti heimilað gerð deiliskipulags og viðbyggingu við núverandi hótélbyggingu að uppfylltum tilheyrandi lagaskilyrðum.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún heimili umsækjanda með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr 123/2010 að gera deiliskipulagslýsingu og síðar deiliskipulagstillögu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Hótel Gíg. Jafnframt felur nefndin byggingarfulltrúa að gera nýjan lóðarleigusamning þar sem lóðarmörk hótels Gígs og mörk náttúruvættis Skútustaðagíga verði samræmd.

4. Voga ferðapjónuta. Umsókn um lagfæringar á gistiskálum.

S20150102

Erindi dags 8. janúar 2014 frá Þuríði Helgadóttur f.h. Voga, ferðapjónustu ehf þar sem sótt er um leyfi til að framkvæma lagfæringar á gistiskálum fyrirtækisins sem staðsettir eru við tjaldstæðið í Vogum. Lagfæringarnar eru fólgnar í nýjum færanlegum undirstöðum undir húsin, tilfærslu á gistiskála g2 að gistiskála g3 eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti og gerð nýs mænissþaks á gistiskjála g1 og g2+g3 skv. meðfylgjandi teikningum.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu erindisins en felur formanni nefndarinnar, sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda skv. umræðum á fundinum.

5. Fundardagar skipulagsnefndar jan-júní 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram eftirfarandi tillögu að fundardögum skipulagsnefndar jan-júní 2015.

12. janúar, 9. febrúar, 9. mars, 7. apríl (þriðjudagur), 4. maí 1. júní og (29. júní?)

Skipulagsnefnd samþykkir þessa fundardaga.

Fundi slitið